
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2002-02
Fundartími: Föstudagur 10. maí 2002 kl. 14:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf raforkuhóps.
- 2) Raforkunotkun fyrstu þriggja mánaða ársins 2002.
- 3) Notkunarflokkar raforku 2001.
- 4) Störf jarðvarmahóps.
- 5) Störf eldsneytishóps og tölur um eldsneytisnotkun.
- 6) Almennar forsendur vegna endurskoðunar á spám.
- 7) Er ástæða til að endurreikna eldsneytisspána?.
- 8) Önnur mál

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Katrín Ólafsdóttir
Magnús Magnússon
Þorkell Helgason
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Orkustofnun: Árni Ragnarsson

- 1) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að samantekt á gögnum síðasta árs sem gengið hefur erfiðar en undanfarin ár. ÞH lagði til að hópnum yrði falið að taka saman tillögur um hvaða gögn fengjust og hvernig þeim væri safnað í nýju umhverfi sem koma mun með nýjum raforkulögum. Þetta var samþykkt og var JV falið að koma því á framfæri við hópinn.
- 2) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 7,5% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa aukist um 5,7% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur aukist um 0,8%. Stórnotkun vex um 9,9% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 4,2%. Sala á ótryggðri orku eykst um 8,5%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru kaldari en á síðasta ári eða $-0,5^{\circ}\text{C}$ í stað $0,3^{\circ}\text{C}$. Aukning notkunar minnkar því við hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangorku eykst um 2,5% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri minni aukning en á síðasta ári. Aukningin á Suðurnesjum (2,3%), í Hafnarfirði

(6,1%), hjá Orkuveitu Reykjavíkur (3,3%) hjá Norðurorku (1,5%), Rafmagnsveitum ríkisins (2,6%) og Orkubúi Vestfjarða (2,9%).

- 3) JV dreifði töflu um raforkunotkun eftir notkunarflokkum hjá einstökum veitum. Hann sagði að ennþá vantaði gögn frá Akranesi og götulýsingu frá Vestfjörðum. Ekki verða tekin saman gögn um eigin notkun Rarik sem ekki er reiknisfærð eins og gert hefur verið undanfarin ár. Hann benti á að töp væru negatíf hjá þremur veitum á síðasta ári eða á Sauðárkrók, Akureyri og Selfossi.
- 4) ÁR sagði að enginn fundur hefði verið haldinn í jarðvarmahópi. Eyðublöð vegna gagnasöfnunar frá hitaveitum er ekki farin út. Stefnt er að því að halda fund á næstunni til að koma endurskoðun spárinnar áfram og var JV og ÁR falið að gera áætlun um þá endurskoðun.
- 5) JV sagði að tölur um eldsneytisnotkun á síðasta ári væru komnar frá olúfélögunum en sumir aðrir ættu eftir að skila þeim inn. Hann sagði að bensínsala hafði staðið í stað á milli ára. Notkun fiskiskipa hefur minnkað nokkuð. JV sagðist mundu setja gögnin á heimasíðuna þegar þau verða tilbúin.
- 6) MM fjallaði um nýja fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands og dreifði upplýsingum um hana. Hann sagði að í raun væri ekki um spá að ræða heldur framreikning miðað við rauntölur undanfarinna ára. Byggt er á tölum um að- og brottflutning síðustu tíu ára og fæðingar síðustu fimm ára. Dánartíðni er þó látin lækka á næstu árum. Hann sagði að þeir yrðu varir við að fólksfjöldaspár væru eftirsóttar og væri áhugi á ýmsum útfærslum. Hagstofan hefur ekki mannskap til að vinna slíkt og því taldi hann frekar að stofnunin ætti að útvega mönnum grunnupplýsingar og sem þeir gætu notað til að útbúa eigin spár. Næsta skref hjá þeim væri að útbúa framreikning fyrir einstaka landshluta. JV benti á að fólksfjöldaspá væri ein meginundirstaða orkuspánnar og því væru þær ákaflega mikilvægar í okkar starfi. Hann sagði að við hefðum gert ráð fyrir lækkandi tíðni fæðinga og jafnvægi í fólksflutningum að og frá landinu. Hann taldi einnig að ef við ætlum að nota aðra spá en þessa frá Hagstofunni yrðu að liggja góð rök fyrir því. PEP spurði hvort menn teldu að grundvallar breyting væri að verða á að- og brottflutningi fólks og hvort nú væru að koma fram áhrifin af EES samningnum. MM og KÓ töldu slíkt líklegt og einnig benti MM á stækkun Evrópusambandsins sem gerði t.d. Pólverjum auðvelt að flytja hingað til lands. JV benti á samanburð við árin 1987-88 og spurði hvort við værum ekki að horfa á sömu áhrifin og þá. MM og KÓ töldu að fremur væri um að ræða fyrrnefndu áhrifin.

KÓ fór yfir þjóðhagsáætlun og sagði að gert væri ráð fyrir 3-3,5% sem byggðist m.a. á fólksfjöldaaukningu, þróun sjávarútvegs og framleiðniaukningu. JV spurði hvort þetta væri ekki fremur hátt þar sem í nágrennlöndunum væri víða verið að gera ráð fyrir 2-2,5% hagvexti. Hún sagði að horfa þyrfti á að hér væri mun meiri fólksfjölgun auk þess sem þjóðin væri yngri en nágrennaþjóðirnar. Til lengri tíma litið taldi hún eðlilegt að gera ráð fyrir að það hægði á hagvexti og hann

færi niður í um 2,5%. JV benti á að nýja fólksfjöldaspáin og þjóðhagsáætlunin mundu væntanlega leiða af sér meiri orkunotkun við endurreikning á spám.

JV dreifði töflu um innflutning heimilistækja og vakti athygli á að hann hafi aukist mikið. MM benti á gögn úr neyslukönnun. JV sagðist ekki ennþá hafa geta fengið slík gögn. MM sagði að þar væri nú lögð megináherslan á úrvinnslu vegna vísitölureikninga en í framhaldinu ætti að vera hægt að fá þessi gögn. Einnig dreifði hann blaði sem sýnir rúmmál húsrýmis eftir flokkum allt frá 1983. Hann sagði að þessi gögn væru komin inn í gagnagrunninn hjá okkur fyrir síðasta ár.

- 7) Rætt var um hvort ástæða væri til að endurreikna eldsneytisspána. ÞH taldi það koma til greina ef ekki færi mikil vinna í slíkt. JV var falið að gera áætlun um það.
- 8) ÞH sagði að ekki væri búið að ganga endanlega frá fjráhagsáætlun Orkustofnunar fyrir árið varðandi skiptingu niður á einstaka þætti. Þó væri ljós að ekki væri unnt að sinna öllum þeim verkefnum sem talað hefði verið um í Orkuspárnefnd. Hann lagði til að endurskoðun raforkuspár yrði frestað og hún því endurreiknuð eins og undanfarin ár. Unnið yrði að Jarðvarmaspá á árinu enda orðið mjög langt síðan hún kom út. Almennu forsendurnar yrðu uppfærðar og fólksfjöldaspánni breytt í samræmi við spá Hagstofu Íslands. Þetta var samþykkt.

ÞH þakkaði Katrínu Ólafsdóttur fyrir samstarfið og fyrir samstarf nefndarinnar við Þjóðhagsstofnun en við þyrftum að finna nýjan aðila í nefndina þar sem búið væri að samþykkja að leggja stofnunina niður.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 13. september 2002 kl 13:30. Fundi slitið kl. 16:10.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 10. maí 2002. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Orkusala rafveitna árið 2001 eftir notkunarflokkum. (JV)
- Tafla um innflutning heimilistækja. (JV)
- Tafla: Rúmmál húsrýmis á landinu samkvæmt fasteignamati. (JV)
- Upplýsingar um fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands (MM)

Sýnt var á netinu:

- Raforkunotkun 2002, fyrstu þrjú mánuðir ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu þrjú mánuðir ársins. (JV)